

## Minnisblað

Til: Geysir Green Energy hf.  
Frá: BBA//Legal ehf.  
Dagsetning: 4. apríl 2009  
Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á tekjuskattslögum og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda

### 1. Inngangur

Geysir Green Energy hf. („GGE“) hefur óskað eftir því að við tökum saman minnisblað um áhrif á starfsemi GGE og dótturfélaga þess ef frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, verður að lögum.

Í minnisblaði þessu verður sjónum einvörðungu beint að þeim þætti frumvarpsins sem miðar að skattlagningu vaxta erlendra aðila hér á landi.

### 2. Um GGE og dótturfélög

GGE var stofnað á árinu 2007. GGE fer nú með eignarhald í eftirfarandi íslenskum dótturfélögum í eftirfarandi eignarhlutföllum:

- a) Jarðboranir (100%)
- b) Enex ehf. (95%)
- c) Enex Kína ehf. (75%)
- d) Exorka ehf. (100%)
- e) HS Orka hf. (32%)
- f) HS Veitur hf. (32%)
- g) EnVent Holding ehf. (80%)

### 3. Frumvarp til breytinga á lögum um tekjuskatt

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi sem lagt hefur verið fyrir Alþingi til breytinga á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda er mælt fyrir um að erlendir aðilar sem fá vaxtatekjur frá Íslandi verði skattlagðir hér á landi.

Þær röksemdir sem teft er fram til stuðnings ákvæðinu eru að með því móti sé verið að styrkja skattframkvæmd og vinna gegn skattundanskoti, eðlilegt sé að tryggja hlutdeild ríkissjóðs í vaxtatekjum sem verða til hér á landi og að skattlagning vaxta sé nær almenn regla í skattalöggjöf í okkar heimshluta.

#### 4. Neikvæð áhrif af skattlagningu vaxtatekna erlendra aðila

##### 4.1 Almenn

Brýnt er að gera athugasemdir við þær fyrirhuguðu breytingar á tekjuskattslögum og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda sem boðaðar eru með fyrirbyggjandi frumvarpi. Samkvæmt frumvarpinu verða erlendir aðilar sem hafa vaxtatekjur hér á landi af bankainnstæðum, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, skuldabréfum eða öðrum kröfum og fjármálagerningum skattskyldir af þeim tekjum hér á landi.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir með hvaða hætti skattlagning vaxtatekna erlendra aðila hér á landi kemur til með að skaða starfsemi og hagsmuni GGE og dótturfélaga þess ef frumvarpið verður að lögum.

##### 4.2 Lántökur félaganna erlendis

GGE og dótturfélög þess hafa verulega þörf fyrir aðgang að erlendu lánsfjármagni til að standa straum af fjárfestingum og rekstri félaganna. Aðgangur að lánsfé getur hvort heldur sem er verið með lántökum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum eða með aðkomu erlendra fjárfesta með beinum lánveitingum þeirra til félaganna. Til fjármögnunar á verkefnum og starfsemi GGE og dótturfélaga þess hafa félögin skuldbundið sig á grundvelli tiltekinna lánasamninga sem byggjast á lánum frá alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Samkvæmt skilmálum slíkra samninga sem og samkvæmt skilmálum almennra skuldabréfa fyrirfinnast almennt svokölluð „gross-up“ ákvæði sem kveða á um að ef afdráttarskattur á vexti er innheimtur beri lántakanda að standa straum af þeim kostnaði sem af slíkri skattlagningu hlýst. Með þessum hætti er tryggt að lánveitandi verði eins settur og ef enginn afdráttarskattur hefði verið innheimtur. Er óhætt að fullyrða að svo til allir alþjóðlegir fjármögnunarsamningar sem íslensk fyrirtæki og stofnanir eru aðilar að innihalda slík „gross up“ ákvæði.

Í greinargerð frumvarpsins segir að með skattlagningu vaxtatekna erlendra aðila hér á landi sé verið að skattleggja móttakanda vaxtagreiðslna. Þrátt fyrir að það sé tilgangur ákvæðisins er ljóst að það verða íslenskir lántakendur sem á endanum munu bera afdráttarskattinn af vaxtagreiðslunum í ljósi framangreindra „gross-up“ ákvæða sem beinilínis tryggja stöðu lánveitenda gagnvart hugsanlegri skattlagningu vaxtatekna í heimaríki lántaka. GGE og dótturfélög þess sjá því fram á að ef til þess kemur að vaxtatekjur erlendra aðila verði skattlagðar hér á landi að framangreind „gross-up“ ákvæði þeirra lánasamninga sem félögin eru skuldbundin af verði virk sem hafa mun í för með sér að félögin þurfi að bera allan kostnað sem leggjast mun á lánveitendur með skattlagningunni. Ekki þarf að fara mörgum orðum um alvarlegar afleiðingar þess fyrir fjárhagslega afkomu félaganna en um umtalsverðar fjárhæðir gæti orðið að ræða.

Sömu sjónarmið gilda að því er varðar lánveitingar erlendra hlutdeildarféлага til GGE og dótturfélaga þess. Mögulegar vaxtatekjur hinna erlendu hlutdeildarféлага á grundvelli lánasamninga við GGE og dótturfélög þess („intra-group lánasamningar“) munu því sæta skattlagningu hér á landi. Ljóst má vera að slík skattlagning mun ekki hafa jákvæð áhrif á heildstæða fjárhagslega hagsmuni GGE og erlendra hlutdeildarféлага þess.

Með vísan til framangreinds er það því engum vafa undirorpið að fyrirhuguð lagabreyting mun hafa verulega neikvæð áhrif á lánamöguleika GGE og dótturfélaga þess erlendis sem og á vaxtakjör erlendra lána þar sem lánveitendur munu sjá til þess að kostnaður samfara hærrí vöxtum verði borinn af GGE og dótturfélögum þess sem lántökum.

##### 4.3 Fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum félögum

Skattumhverfi Íslands er meðal þeirra atriða sem vega þungt þegar erlendir aðilar taka ákvörðun um

kaup eða fjárfestingu hér á landi. Ætla mætti að markmið stjórnvalda á hverjum tíma væri að laða að erlenda fjárfesta til fjárfestinga hér á landi fremur enn að fæla slíka fjárfesta frá með þyngjandi löggjöf.

GGE og dótturfélög þess reiða sig á áhuga erlendra fjárfesta á starfsemi félaganna. Nú þegar fara erlendir hluthafar með tiltekið eignarhald í GGE og dótturfélagi þess, Enex ehf. Aðkoma erlendra fjárfesta að fjármögnun félaganna þarf ekki að einskorðast við lánveitingar heldur getur jafnframt verið fólgin í beinum fjárfestingum með þeim hætti að erlendir fjárfestar eignast beinan eignarhlut í félögunum. Vart þarf að taka fram að í núverandi árferði getur þörfin fyrir aðkomu erlendra fjárfesta að eignarhaldi í félögum skyndilega orðið mjög brýn og aðkallandi. Ef staðan yrði sú að fleiri erlendir fjárfestar myndu eignast beinan eignarhlut í GGE eða dótturfélögum þess til að mynda í gegnum félag sem staðsett væri erlendis myndi skattlagning vaxtatekna hafa verulega neikvæð áhrif þar sem að allar vaxtatekjur á grundvelli hugsanlegra lánveitinga hinna erlendu fjárfesta til félaganna myndu sæta afdráttarskatti hér á landi. Mikil þörf er fyrir aðkomu erlendra fjárfesta að íslenskum orkufyrirtækjum í framtíðinni. Sú skattlagning sem fyrirhuguð er með fyrirbyggjandi frumvarpi er líkleg til að fæla erlenda fjárfesta frá slíkri aðkomu.

#### 4.4 Lánveitingar frá lánveitendum í ríkjum sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við

Taka ber undir þau sjónarmið sem koma fram í bréfi Viðskiptaráðs Íslands til Nefndasviðs Alþingis dags. 11. mars 2009 um að þrátt fyrir tilvist tvísköttunarsamninga sé hætt við því að lánveitendur muni sæta skattlagningu á vaxtatekjur sínar þar sem að Ísland innheimtir afdráttarskatt af brúttó vaxtagreiðslum á meðan heimaríki miðar endurgreiðsluna eða frádráttinn oftast nær við nettó vaxtatekjur.

Það er því afar líklegt að skattlagning vaxtatekna erlendra aðila hér á landi muni koma sér illa fyrir lánveitendur GGE og dótturfélaga þrátt fyrir að slíkir lánveitendur kunni að vera heimilisfastir í ríkjum sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við.

#### 4.5 Lánveitingar frá lánveitendum í ríkjum sem ekki hefur verið gerður tvísköttunarsamningur við

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að í þeim tilvikum þar sem tvísköttunarsamningar kveða á um að skattlagningarréttur á vöxtum sé á Íslandi eiga móttakendur vaxtanna rétt á endurgreiðslu eða frádrætti í sínu heimaríki. Það sama eigi við um mörg önnur ríki sem hafa, eins og Ísland, í sinni innlendu skattalöggjöf heimildir til að endurgreiða skatta sem lagðir eru á tekjur sem innlendir aðilar fá frá öðrum löndum. Þá segir í frumvarpinu að með þessu móti ætti skattbyrði móttakanda vaxtanna ekki að þyngjast og ætti þannig ekki að hafa áhrif á það vaxtastig sem innlendir aðilar bera.

Ekki er hægt að fallast á að þetta séu haldbærar röksemdir fyrir skattlagningu vaxtatekna á erlenda aðila. Til þess ber að líta að Ísland hefur eingöngu gert tvísköttunarsamninga við 36 ríki. Hafa ber í huga að Ísland hefur ekki gert tvísköttunarsamninga við fjölmörg ríki í heiminum sem gætu orðið lánveitendur GGE og dótturfélaga sem og annarra íslenskra fyrirtækja sem þarfnast erlends lánsfjármagns. Tökum sem dæmi ef GGE eða dótturfélög þess gera lánasamning við lánveitanda sem ekki er staðsettur í ríki þar sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við verður staðan sú að hinum erlenda lánveitanda ber skylda til greiðslu afdráttarskatts á Íslandi vegna lánveitingarinnar. Niðurstaðan yrði því sú sama og að framan var rakin og myndi leiða til takmarkaðri aðgangs að lánsfé auk þess sem lánsfé yrði dýrara.

Þess ber að geta að fjölmörg íslensk félög og stofnanir eru með svokölluð sambankalán þar sem lánveitendur geta skipt tugum. Ekki er ólíklegt að einhverjar fjármálastofnir í þeim hópi séu í ríkjum sem ekki eru með tvísköttunarsamning við Ísland.

**5. Önnur atriði**

Í greinargerð með frumvarpinu er tilgreint að skattlagning vaxta sé nær almenn regla í okkar heimshluta. Ekki er unnt að fallast á þessa staðhæfingu frumvarpsins. Í því sambandi ber að nefna að þau lönd sem Íslendingar bera sig helst saman við, s.s. Norðurlöndin leggja ekki afdráttarskatt á vaxtagreiðslur til erlendra aðila. Þá er innan Evrópusambandsins í gildi svokölluð vaxta- og þóknanatilskipun nr. 2003/49/EC sem miðar að því að afnema afdráttarskatt á vaxtagreiðslur milli félaga innan sambandsins.

**6. Niðurstaða**

Eins og að framan hefur verið rakið er fyrirhugaðri skattlagningu á vaxtatekjur erlendra aðila hér á landi andmælt. Eini tilgangur og markmið frumvarpsins er sá að leggja skatt á vaxtatekjur með það að markmiði að auka tekjur ríkissjóðs fremur en að líta til lengri tíma með heildstæða hagsmuni að leiðarljósi. Samkeppnishæfni íslenska skattkerfisins er einn af hornsteinum hagvaxtar og framfara á Íslandi. Þrátt fyrir þá erfiðu tíma sem Ísland gengur í gegnum um þessar mundir verður að huga að hvert stefna beri með skattkerfi landsins. Brynt er því að stíga varlega til jarðar í þessum efnunum og veða gaumgæfilega kosti og galla með setningu laganna og hafa sérstaklega að leiðarljósi hagsmuni íslenskra fyrirtækja sem löggjöfin má ekki bitna á. Skattalöggjöf má ekki snúast upp í andhverfu sína með því að valda óafturkræfum skaða á starfsemi íslenskra fyrirtækja. Í því erfiða efnahagslega árferði sem ríkir um þessar mundir hér á landi þurfa íslensk fyrirtæki síst á því að halda að verða fyrir frekari skakkaföllum en þau hafa nú þegar orðið að sæta í ljósi þess að erlent lánsfjármagn er af skornum skammti og fjármagnskostnaður reynist nú þegar íslenskum fyrirtækjum þungur baggi að bera. Það er því vart á það bætandi að skaða íslensk fyrirtæki enn frekar en nú er orðið með því beinlínis að stuðla að því að þrengja lánamöguleika íslenskra fyrirtækja sem og að hækka enn frekar vaxtakjör erlendra lána.

Að því er varðar starfsemi GGE og dótturfélaga þess að þá byggir starfsemi félaganna á nýsköpun og þekkingu á nýtingu orkuauðlinda Íslendinga sem getur átt þátt í því að fleyta okkur inn í nýtt hagvaxtarskeið. Það er von forráðamanna félagsins að ekki verði þrengt svo að rekstri félaganna með skattlagningu á borð við þá sem fyrirhuguð er að félögin sjái sér þann kost vænstan að flytja starfsemi móðurfélagsins frá Íslandi til lands þar sem betur er hlúð að innlendri atvinnustarfsemi með hagfeldri skattalöggjöf.